

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 27.3.2025

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Jóna Björg Pálmadóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Gunnlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Svar við erindi um vökvunarbúnað á gervigrasi

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar svar við erindi sem sent var á Norðurþing vegna vökvunarbúnaðar á gervigrasi.

Lagt fram. Aðalstjórn harmar ákvörðunina en óskar eftir svörum við öðrum spurningum sem lagðar voru fram í erindinu.

2. Advise

Fyrir aðalstjórn liggur kynning á Advise.

Aðalstjórn líst vel á lausnina en sér ekki fjárhagslegan möguleika til að fara í Advise að svo stöddu.

3. Farsældarlögin – kynning fyrir íþróttabjálfa

Fyrir aðalstjórn liggur kynning á farsældarlögunum fyrir íþróttabjálfa.

Lagt fram til kynningar.

4. Ársreikningur knattspyrnudeildar Völsungs

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar ársreikningur knattspyrnudeildar Völsungs. Samkvæmt ársreikningnum sem er fyrir barna- og unglingaráð og meistaraflokka kemur fram tap uppá 4.534.683 kr eftir fjármagnsliði. Til samanburðar var hagnaður ársins 2023 2.170.609 kr. Á árinu 2024 var seld rúta á 350.000 kr en hún var eignfærð í bókhaldinu á 2.900.000 kr og því kemur sölutap þar sem nemur 2.550.000 kr. Skýringin á þessu sölutapi er sú að íþróttafélög mega ekki afskrifa eignir og því magnar þessi sala upp tap ársins 2024.

Ársreikningurinn lagður fram.

5. Landsbankinn – samstarfssamningur

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar samstarfssamningur við Landsbankann til tveggja ára.

Aðalstjórn þakkar Landsbankanum fyrir stuðninginn sem er mikilvægur í starfi félagsins.

6. Ferðasjóður ÍSÍ

Völsungur hefur fengið úhlutað úr ferðasjóði ÍSÍ. Samtals hljóðaði umsókn Völsungs uppá 12.374.423. Völsungur fékk samtals 3.584.711 kr úr sjóðnum sem er 29% af heildarumsókn félagsins og hefur úthlutunin ekki verið lægri hlutfallslega í 6 ár.

Skiptin milli deilda er sem hér segir:

MFL knattspyrna	1.389.703
YF knattspyrna	1.291.578
MFL blak	518.141
YF blak	318.206
Öldungablak	67.083
samtals	3.584.711

Framkvæmdastjóra falið að greiða til deilda í samræmi við úthlutun.

7. Starfskýrsla Völsungs fyrir árið 2024

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar starfskýrsla fyrir árið 2024.

Starfskýrslan lögð fram.

Fundi slitið: 18:00